

# Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2013



Reykjavík, mars 2014

# Ársskýrsla Kvennasögusafns Íslands 2013

Umsjón:  
Auður Styrkársdóttir

Yfirlestur:  
Edda G. Björgvinsdóttir  
Helga Guðmundsdóttir  
Ragnheiður Kristjánsdóttir



Kvennasögusafn Íslands  
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík  
Sími: 525 5779  
Netfang: [kona@landsbokasafn.is](mailto:kona@landsbokasafn.is)  
Veffang: <http://www.kvennasogusafn.is>  
[www.facebook.com/Kvennasogusafn-Íslands](http://www.facebook.com/Kvennasogusafn-Íslands)

Forsíðumyndin var tekin sumarið 1913 á þingi International Women Suffrage Alliance í Búdapest. Frú Boyle frá S-Afríku, Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Laufey Valdimarsdóttir kynna fána kínverskra kvennasamtaka.

## **Stjórnarnefnd Kvennasögusafns Íslands**

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns er m.a. ætlað að vera til ráðuneytis um ráðningu starfsmanns Kvennasögusafns; að semja árlega skýrslu um starfsemina; að gera árlega fjárhagsáætlun vegna fjárlagagerðar, og að aðstoða að öðru leyti við fjáröflun til verkefna. Árið 2013 skipuðu nefndina:

Edda G. Björgvinsdóttir, fulltrúi Landsbókasafns Íslands—Háskólabókasafns

Erla Hulda Halldórsdóttir, fulltrúi RIKK til 11. ágúst

Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi Kvenfélagasambands Íslands

Ragnheiður Kristjánsdóttir, fulltrúi RIKK frá 12. ágúst

### **Starfsmenn**

Auður Styrkárdsdóttir stjórn málafræðingur tók við starfi forstöðukonu um mitt ár 2001. Forstöðukona er eini fasti starfsmaður safnsins. Hún hefur verið í 80% starfi frá ársbyrjun 2010. Aðrir starfsmenn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns koma að ýmsum verkefnum eftir atvikum.

### **Starfsemi safnsins**

Unnið er samkvæmt markmiðum Kvennasögusafns Íslands: að safna, skrá og varðveita heimildir um sögu kvenna. Safninu er einnig ætlað að miðla þekkingu um sögu kvenna, aðstoða þá sem leita heimilda á því sviði, hvetja til rannsókna á sviði kvennasögu og kvennafræða og stuðla sjálfst að rannsóknum á safnkostinum.

Safnið setur sér það markmið að vera fyrsti viðkomustaður þeirra er leita sér upplýsinga um einstaka konur eða atburði í sögu íslenskra kvenna.

Til safnsins leita einkum namar og fræðimenn í heimildaleit og annað áhugafólk um kvennasögu. Talsvert berst af fyrirspurnum símleiðis og með tölvupósti. Safnið er skráð í gagnagrunna um stofnanir á sviði kvennasögu og kynjarannsókna og berst því nokkuð af fyrirspurnum erlendis frá.

Dagleg starfsemi felst í:

- Viðveru á afgreiðslutíma safnsins.
- Viðtöku, grísjun, skráningu og frágangi þeirra gagna sem í safnið berast.
- Aðstoð við notendur safnsins. Er þá átt við aðstoð við heimildaöflun vegna verkefna á sviði kvennasögu og kynjafræða, einnig ráðgjöf um verkefni á þessu sviði.
- Upplýsingum og ráðgjöf um tölvupóst, bæði til innlendra aðila og erlendra.

- Upplýsingum og ráðgjöf í síma, bæði til notenda safnsins og einstaklinga og félagasamtaka sem hafa hug á að afhenda safninu gögn.
- Sjálfstæðum rannsóknum forstöðukonu sem nýttast Kvennasögusafni.

Þá eru ýmis önnur verkefni í höndum forstöðukonu: erlent samstarf, ráðstefnur og fundir, útgáfumál, sýningar, greinaskrif og fyrirlestrar.

Safnið var opið mánudaga-fimmtudaga milli kl. 10-15 en forstöðukona hafði lengri viðveru. Safnið var lokað á föstudögum og vegna orlofs forstöðukonu.

Á árinu 2013 rituðu 155 einstaklingar nafn sitt í gestabók, þar af 27 karlar. Skráð voru 18 símtöl við karlmenn og 75 við konur, 31 tölvusamskipti við karlmenn og 119 við konur.

Erindin voru að eðlilega mörg og misjöfn og mislangan tíma tók að greiða úr þeim.

Heimsóknum á vef Kvennasögusafns fjölgar enn milli ára og er það sennilega helst að þakka að þar hafa verið settar fram upplýsingar úr kvennasögu sem mikið hefur verið spurt um, svo sem um kosningaréttinn, Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og uppruna 8. mars og 19. júní.

## Útgáfu- og kynningarmál, fræðiskrif og rannsóknir

### Fundir, ráðstefnur, námskeið og kynnisferðir

- Fundur í Alþingishúsi að boði forseta Alþingis, 7. febrúar. Rætt um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna árið 2015.
- NIKK, Nordisk Institutt for kvinne- og kjönsforskning, fundaði á Íslandi með þeim sem koma að rannsóknum og miðlun upplýsinga um sögu og stöðu kvenna. 4 fundir haldnir á Landsbókasafni í umsjá AS, 23.-24. maí, kvöldverður þann 23. maí með hinum erlendu fulltrúum.
- Sótti fund kvennasamtaka í Sjóminjasafni að boði forseta Alþingis vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna árið 2015, 14. sept. Kjörin undirbúningsnefnd.
- Kynnisferð í hópi starfsmanna í Þjóðarbókhöfðu til Bijzondere Collecties (sérsofn háskólabókasafnsins í Amsterdam), 11. okt.
- Sótti ráðstefnuna „Women, Power and Politics“ í Osló 14.-15. nóvember, sem haldin var í tilefni af 100 ára kosningaréttarafmæli norskra kvenna, í boði norska sendiráðsins á Íslandi.
- Sótti málþing í Norræna húsinu á vegum norska sendiráðsins í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar norskra kvenna, 22. nóvember.

## **Félags- og nefndastörf**

- Hóf í Iðnó 12. mars, 2013 vegna útgáfu ritsins *Saga Alþýðusambands Íslands*, ritstj. Sumarliði Ísleifsson. Átti sæti í ritnefnd.
- Kjörin formaður Nefndar um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á fundi í Sjóminjasafni, sem forseti Alþingis boðaði fulltrúa kvennahreyfingar til 14. sept.
- Jafnréttisþing 2013 haldið að Hótel Nordica 1. nóv. Fulltrúi Kvennasögusafns.

## **Ritverk og erindi, önnur fræðistörf**

- Erindi um kvennasögu og Kvennasögusafn Íslands. Fundur hjá Zontaklúbbi Reykjavíkur, 8. janúar.
- „Hin sögulega þögn“. Erindi um Kristínu Dahlstedt á safnanótt, Vetrarhátíð Reykjavíkur, 8. febrúar.
- „Konan hans“. Erindi á málþingi í Þjóðarbókhöfðu um Eirík Magnússon, bókavörð í Cambridge, 20. apríl.
- „Kristín Dahlstedt“. Erindi á Þingeyri við Dýrafjörð á Dýrafjarðardögum, 6. júlí.
- Fundarstjóri og kynnir hjá RIKK við fyrirlestur Harriet Feinberg í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns, 10. sept., „Aldarafmæli ferðalags: Tveir feministar frá Vesturlöndum í Afríku og Asíu á árunum 1911-12“.
- Erindi um kvennabaráttuna á Íslandi og Kvennasögusafn Íslands í Þjóðarbókhöfðu fyrir þýskar konur sem vinna að barnaverndarmálum, 20. september.
- Erindi í Ráðherrabústað um konur í sveitarstjórnnum, haldið fyrir ráðherra jafnréttismála og fulltrúa stjórnmalaflokka, 11. desember.
- Erindi á jólafundi Kvennasögusafns Íslands og Kvenréttindafélags Íslands að Hallveigarstöðum, 12. desember.

## **Erlent samstarf**

Kvennasögusafn Íslands var í nánum tengslum við NIKK, Nordisk institutt i kvinne- og kjønnsforskning, í Osló. Safnið var skráð í gagnagrunna á vegum NIKK og var jafnan getið í tímaritum NIKK (*NIKK Magasin*, *Nytt fra NIKK* og *News from NIKK*). NIKK hefur kallað saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til funda.

Safnið er skráð í gagnagrunninn *Mapping the World of Women's Information Services Database* sem rekinn er á vegum IIAV (International Information Centre and Archives for the

Women's Movement, stofnað 1935, í Amsterdam. Safnið á einnig aðild að WINE (Women's Information Network Europe) sem stofnað var 1996 og hýsir kvennasögusöfn og sambærilegar stofnanir í Evrópu. Markmið WINE er að ýta undir samvinnu kvennasögusafna og standa fyrir sameiginlegum verkefnum.

## Starfið framundan

Handritasafn Landsbókasafns hefur hafið vinnu við að innleiða rafræna skráningu skjalasafna í Þjóðarbókhöfðu. Kvennasögusafn Íslands og Miðstöð munnlegrar sögu verða með handritasafni í þeirri innleiðingu og skráningu. Fyrirhugað er að opna þennan grunn fyrir almenningi síðla árs 2014. Mikil vinna mun verða á næstu árum fólgin í því að skrá safnið í fyrirhugaðan rafrænan grunn.

Reykjavíkurborg hefur falast eftir efni um söguslóðir kvenna í Kvosinni og í Þingholtunum og mun efna til göngu þann 19. júní 2014 undir leiðsögn forstöðukonu Kvennasögusafns. Einnig verður gefinn út bæklingur á kostnað borgarinnar og leggur forstöðukona Kvennasögusafns til efni í textann.

Árið 2015 verða liðin 100 ár frá því lög voru sett er heimiluðu konum að kjósa í þingkosningum. Alþingi hefur sett á fót nefnd til undirbúnings hátíðahöldum á árinu 2015 og á síðustu fjárlögum var úthlutað samtals 98 milljónum til þessa verkefnis. Forstöðukona Kvennasögusafns var kjörin formaður nefndarinnar.

Reykjavíkurborg mun opna höggmyndagarð kvenna í Hljómskálagarðinum sumarið 2013. Forstöðukona á sæti í nefnd sem undirbýr texta fyrir þau verk sem þar standa og þær listakonur sem verkin gerðu.

Árið 2017 verða liðin 500 ár frá því Marteinn Lúter negldi blað með *Disputatio pro declaratione virtutis indulgentiarum* á hallarkirkjuhurðina í Wittenberg, en sá atburður er talinn marka upphaf siðbótar. Fræðimenn við Háskóla Íslands hafa myndað áhugahópa um rannsóknir er tengjast siðbót og lýðræði og á forstöðukona Kvennasögusafns sæti í stýrihóp verkefnisins. Hjá Kvennasögusafni eru varðveitt gögn Kristniboðsfélags kvenna í Reykjavík sem þykja áhugaverð í þessu samhengi, auk þess sem forsvarsmenn verkefnisins vilja tryggja að hlutur kvenna fari ekki forgörðum.

## Aðföng 2013

9. janúar Margrét Pálína Guðmundsdóttir færði safninu að gjöf stóra ljósmynd sem tekin er í Alþingisgarðinum, merkt með stimpli Ljósmyndastofu Kristjáns Magnússonar, en er kópía af gamalli ljósmynd. Hjá Ljósmyndasafni Íslands (Þjóðminjasafni) fengust allar konurnar nafngreindar og upplýst að myndin var tekin árið 1927 við útför Sveinbjörns Sveinbjörnssonar tónskálds frá Dómkirkjunni. Hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur var einnig upplýst að ljósmyndari var Loftur Guðmundsson.
11. janúar Um hendur Hólmfríðar Garðarsdóttur, prófessors við HÍ, barst nokkurt magn plakata og dreifibréfa frá Kvinnalistanum ásamt tveimur plastfánunum listans. Hólmfríður var virk í starfi Kvinnalistas.
7. febrúar Jóhannes Hraunfjörð Karlsson (jkarlsson@gmail.com) afhenti gögn úr dánarbúi foreldra sinna, hjónanna Ólafar P. Hraunfjörð og Karls Árnasonar. Þetta eru að mestu bréf og myndir sem tengjast minningum kvenna á einhvern hátt, má þar nefna bréf og myndir frá Húsmæðraskólanum á Löngumýri og Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna.
12. febrúar Auður Styrkárstöttir afhenti Kvinnasögusafni skjöl úr dánarbúi móður sinnar, Herdísar Helgadóttur (1929-2007). Annars vegar er efni tengt vinnu við B.A. ritgerð hennar í mannfræði, „Vaknaðu kona. Barátta rauðsokka frá þeirra eigin sjónarhóli“ (1994) og samnefnd bók hennar byggð á ritgerðinni (1996): Ljósrit ýmiskonar sem nýst hafa við skrifin, erindi sem hún hefur haldið um efni bókarinnar og blaðauklippur. Hins vegar er efni tengt vinnu hennar við M.A. ritgerð hennar í mannfræði, „Konur í hersetnu landi: Ísland á árunum 1940-1947“ (2000), sem hún síðar nýtti í bók sinni „Úr fjötrum: íslenskar konur og erlendir her“ (2001): útprent af viðtölum er hún tók við 16 konur, ljósrit ýmiskonar og minnisbók. (Hljóðsnældur með viðtölum er Herdís tók vegna ritgerðanna og bókanna er að finna í Miðstöð munnlegrar sögu).
25. febrúar Magna Baldursdóttir (5611776) og Sigríður Smith afhentu gögn frá Kvenfélaginu Keðjunni, kvenfélagi Vélstjórafélags Íslands. Gögnin eru: ein fundagerðabók með fundum frá tímabilinu 1928-1950, ein bók með nöfnum félaga og greiðslum félagsgjalda, tvö myndaalbúm.
14. mars Hópur frá Feministafélagi Íslands afhenti gögn félagsins á tíu ára afmæli þess. Efnið er ritgerðin Feministafélag Íslands, 2003-2013, eftir Karen Ástu Kristjánsdóttur og Rósu Björk Bergþórsdóttur, mappa með fundagerðum og öðru efni, pappakassi af meðalstærð með sýnishorni af plakötum, bolum og ýmsu öðru efni sem til hefur fallið í starfi félagsins.
10. apríl Vilborg Sigurðardóttir, kennari, Háaleitisbraut 17, afhenti nokkuð af gögnum sem mynduðust við starf Rauðsokkahreyfingarinnar á árunum frá 1970 til ca 1981. Þar á meðal eru umbrotssíður og myndir í blað þeirra, *Forvitin rauð*. Einnig möppur frá fyrstu

þingum hreyfingarinnar. Fyrir í safninu er nokkuð mikið gagnamagn tengt rauðsokkum (Safnmark KSS 203)

16. apríl Guðrún Lára Ásgeirsdóttir, Hagamel 14, afhenti safninu ýmislegt úr fórum móður sinnar, Láru Sigurbjörnsdóttur, m.a. passamyndir hennar á ýmsum aldri, kort er sýna hvernig raðað var til borðs í brúðkaupi hennar, tvær adressubækur, árituð borðspjöld og borðspjöld með málsháttum og tvö vegabréf. Guðrún hafði áður afhent skjöl úr fórum Láru og hafa þau aðfanganúmerið KSS 525. Einnig afhenti Guðrún nokkurt efni tilheyrandi ömmu hennar, Guðrúnu Lárusdóttur í Ási. Það verður skráð með áður komnu efni tilheyrandi Guðrúnu á handritadeild Landsbókasafns.
16. apríl Ásdís Jóelsdóttir, Álfaheiði 42, Kóp., gaf safninu þrjár bækur eftir sig: *Tíska aldanna. Fatnaður og textíll. Byggingar, húsgögn og myndlist.* (Mál og menning, 2005), *Saga fatagerðar og fatahönnunar á Íslandi frá lokum 19. aldar til byrjunar 21. aldar* (höfundur, 2009), og *Fatasaumur. Saumtækni í máli og myndum fyrir byrjendur og lengra komna* (Iðnú, 2011). Bækurnar verða skráðar á Kvennasögusafn.
29. apríl Diskur barst með innihaldi „Ævi óbreyttrar alþýðustúlku á fyrri hluta 20. aldar, sjá Aðföng 26/7 2011 – (Safnmark KSS 169)
14. maí Borgarskjalasafn sendi rit Þórunnar Magnúsdóttur: *Sjósókn sunnlenskra kvenna og smáritið Ræða flutt af frk. Thoru Friðriksson af svölum alþingishússins 19. júní 1923.*
14. maí Eyrún Ingadóttir sagnfræðingur færði safninu möppu með ýmsu efni Kvinnalistsans.
23. maí Um hendur Kristínar Indriðadóttur, bókasafnsfræðings, bárust þrjú námshefti úr Húsmæðrakennaraskóla Íslands, um þvotta og þrif, sýkla og sníkjudýr, og sjúkrafæðu.
1. júlí Um hendur Arnþórs Gunnarssonar bárust frá Erlu Huldu Halldórsdóttur ýmis gögn er urðu til vegna útgáfu bókarinnar *Kvennaslóðir*, efni er fyllir meðalstóran pappakassa.
11. júlí Hrönn Hjaltadóttir og Hafdís Hannesdóttir færðu safninu tvo skjalakassa með skjölum er tengjast Kvennakór Reykjavíkur 1993-2012, en báðar hafa starfað með kórnum. Skjölín eru m.a. prógrömm, úrklippur, dómar og atburðasaga.
15. júlí Anna Gísladóttir (f. 1924) færði safninu fundagerðabók Gerðuminningar 1986-2009, Fyrir í safninu var ýmislegt efni frá Minningarsjóði um Þorgerði Þorvarðsdóttur húsmæðrakennara, m.a. fundagerðabók 1951-1985 og skipulagsskrá (Safnmark KSS 554).
31. ágúst Harriet Feinberg frá Boston gaf safninu bókina *Memories. My Life as an International Leader in Health, Suffrage and Peace*, sem eru endurminningar hollensku kvenréttindakonunnar Alettu Jacobs, þýddar á ensku. Fer á Lbs.



1. október Björg Jónsdóttir, Guðrún Þórdís Ferrier og James Arthur Ferrier afhentu: bréf frá Guðrúnu til Bjargar, 4. des. 2007 og skrif um Guðbjörgu Elínborgu Þórðardóttur Ferrier, vélritað æviágrip Guðbjargar Elínborgar á ensku, ræða er Björg flutti við afhendingu fundagerðarbókar frá 5. Landsfundi kvenna árið 1958 hjá Bandalagi kvenna í Reykjavík (bókin er áður komin til Kvennasögusafns).